



Bæjarráð Garðabæjar

Ráðhús Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabær

Efni: Málefni Garðakirkjugarðs

Garðabær 26.08.2021

Í kjölfar funda með bæjarstjóra, bæjarritara og bæjarverkfræðingi 27. apríl og 24. ágúst sl. var ákveðið að senda eftirfarandi erindi til bæjarráðs:

1. Óskað er eftir að Garðabær greiði eftirfarandi liði vegna stækkunar Garðakirkjugarðs 2018-2019:
 - 1.1. kostnað vegna jarðvegssigs 1.000.000,- kr.
 - 1.2. kostnað vegna vatnslagna innan garðs 100.000,- kr.
 - 1.3. kostnað vegna verkfræðipjónustu 721.000,- kr.
 - 1.4. helming kostnaðar vegna malbikunar (5.074.032,-/2) 2.537.016,- kr.


Samtals kr. 4.358.016,- kr.

Heildarkostnaður framkvæmdanna nam 25.156 676,- kr. Hluttur Garðabæjar yrði því 51% í stað 33% skv. kostnaðarskiptingu Verkfræðistofunnar Bjargs ehf. Í úttekt á kostnaði við gerð og mótun kirkjugarða, sem fram kemur í skýrslu um fjármál kirkjugarða frá 2003, er miðað við að hlutfallskostnaður sveitarfélags sé 53% af kostnaði kistugrafreita.

2. Með vísan til viðmiðunarreglna Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga er farið fram á að Garðabær greiði andvirði stálgrindargirðingar við suðurenda kirkjugarðsins þar sem steinhleðsla sem gefin var garðinum er til staðar. Um er að ræða ca. 200 m og áætlaður efniskostnaður, skv. Verkfræðistofunni Bjargi, er 22.000 kr. metrin. Heildarkostnaður gæti skv. því orðið u.þ.b. 4 – 5 millj. kr.
3. Útlit er fyrir að kistureitir Garðakirkjugarðs munu fyllast áður en árinu 2022 líkur og því áriðandi að fyrirhuguð stækkun verði framkvæmd sem allra fyrst. Kostnaðaráætlun Bjargs hljóðar upp á 47,2 millj. kr. Rekstrarstaða kirkjugarðsins er erfið og tekjur hans námu einungis 29 millj. kr. á síðasta ári. Garðasókn fer því fram að greiðslupátttaka bæjarins vegna stækkunarinnar verði til samræmis við það sem fram kemur í lið 1 hér að ofan.

Jafnframt er farið fram á að bærinn hraði vinnu sinni eins og unnt er við undirbúning og framkvæmd verksins svo ekki komi upp sú erfiða staða að neita þurfi bæjarbúum um kistugrafir í garðinum.

Virðingarfyllt

 Björg Anna K.

Anna Kristinsdóttir

starfandi formaður Sóknarnefndar Garðasóknar